



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 18 — DES. '80



Fréttapistill

Um miðjan ágúst sl. klifu þrír félagar ÍSALP Hraundranga við Öxnadal. Petta er í fjórða sinn sem Hraundrangi er klifinn og þeir sem hlut áttu að máli voru Hreinn Magnússon, Olgeir Sigmarsson og Sigurður Sigurðsson. Peir Hreinn og Olgeir voru búsetti fyrir norðan í sumar en Sigurður er Akureyringur.

Peir lögðu upp í klifið frá Staðarbrekku í


Hörgárdal, norðvestan við dranginn. Eftir 1 1/2 tíma göngu komu þeir upp í skarðið norðaustan við dranginn en þar hefst hið eiginlega klifur, um 80 m. Par fóru þeir í línu. Bergið var alllaust lengst af og mikill mosi og annar gróður í klettunum. Efst var þó betra berg. Klifið úr skarðinu tók 3 1/2 klst.

Um verslunarmannahelgina síðustu gerðu þeir Björgvin Ríkharðsson og Snævarr Guðmundsson tilraun við Lómagnúp í Skaftafellssýslu. Reynt var framan á „Gnúpnum“ en þar er vegghædin c. a. 400 m. Bergið reyndist geysilega laust, en farnar voru 2 spannir, önnur af IV. gráðu og sú seinni, sem var 30 m slútandi veggur, A2/A3, en nota þurfti bolta á köflum og viða voru fleygar mjög lausir,

Í ágústmáuði síðastliðnum fór fjórir félagar í ÍSALP, Björn Gíslason, Jóakim H. Reynisson, Jónas Geirsson og Einar Pálsson til Sviss eftir viðkomu í Noregi, Svíþjóð, Dammörku og Þýskalandi. Í Sviss gerðu þeir félagar tilraun við Matterhorn. Veður vaði mjög slæmt, en þó komust þeir feálgar upp Solvay-klofann, sem er á Hörnli-hryggnum rúmlega 4000 metra hæð. Í þeirri hæð var veðrið orðið það slæmt að hætt var við áframhald.

Frá Sviss var haldið til ýmissa borga í Evrópu og síðan enduðu þeir ferðina í Skotlandi, þar sem þeir fóru m. a. í næturgöngu á Ben Nevis, hæsta fjall Bretlands þrátt fyrir að úrhellsirigningar í Bretlandi höfðu af þeim mikinn tíma.

Annar félagi í ÍSALP, Hermann Valsson, fór í Alpana í sama mánuði. Leið hans lá fyrst til Berner Oberland í Sviss. Par kynntist hann fyrir tilviljun amerikana nokkrum sem hefur m. a. klifið Mt. MacKinley fjórum sinnum.



Klifur í Hraundranga.

Ljósm.: Hreinn Magnússon, ágúst 1980.

Fyrsta fjall þeirra félaga var Eiger, en hann klifu þeir eftir Vesturhryggnum. Næst lá leið þeirra upp í Jungfrauojoch, en daginn eftir var Jungfrau klifinn og tók það fjórar flukkustundir.

Eftir nokkurra daga hvíld var haldið suður til Zermatt og ákveðið að fara á Monte Rosa. Var þá haldið til Monte Rosa Hütte. Daginn eftir var svo Monte Rosa klifinn og voru þeir félagar fyrstir á fjallið, klukkutíma að undan næstu mónum.

Næsta fjall á dagskrá var Matterhorn, en vegna slæms veðurs varð að sleppa því. Var nú liðið að lokum ferðar og var því næst haldið til Luxembourg þar sem næsta vél var tekin til Íslands.

Snævarr Guðmundsson